

# ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ  
FRÉTTA?



JÚNÍ 2024

# BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA

## ENN FJÖLGAR ÍBÚUM ÞINGEYJARSVEITAR

Íbúum Þingeyjarsveitar heldur áfram að fjölga og eru nú orðnir 1547 talsins. Hefur íbúum því fjölgað um 73 frá áramótum. Þetta er ánægjuleg þróun og erum við nú komin yfir þá háspá sem sett var fram í húsnæðisáætlun sveitarfélagsins fyrr á árinu og verður hún því uppfærð í haust með tilliti til fjölgunar íbúa. Í undirbúningi er rammisamkomulag við Innviðaráðuneytið og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Þingeyjarsveit.

Í drögum er gert ráð fyrir byggingu 25 íbúða á árunum 2024-2029 en fjöldi íbúða í rammisamkomulaginu verður uppfærður samhliða nýrri húsnæðisáætlun.



**Ragnheiður Jóna  
Ingimarsdóttir**  
sveitarstjóri

Í júlí munu afkomendur Sigurðar Þingeyings færa Þingeyjarsveit veglega gjöf í minningu Sigurðar. Um er að ræða bekk sem verður staðsettur við sundlaugina á Laugum. Fyrir hönd sveitarfélagsins þakka ég þessa höfðinglegu gjöf sem íbúar Þingeyjarsveitar geta notið þegar þeir heimsækja sundlaugina.

Nú fer starfsfólk sveitarfélagsins hvert af öðru að tínast í sumarleyfi, samt sem áður verður hefðbundin þjónusta óbreytt og sumar- og viðhaldsverkefnum sinnt áfram.

Fréttabréfið okkar verður líka í fríi í júlí og næsta fréttabréf kemur því út í lok ágúst.

Njótið sumarsins,

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

## VIÐVERA STARFSFÓLKS SVEITARFÉLAGSINS Í MÝVATNSSVEIT

### JÚLÍ

#### GÍGUR GESTASTOFA

- Ingimar Ingimarsson, sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs **2. júlí**
- Rögnvaldur Harðarson, byggingarfulltrúi og umsjónarmaður fasteigna **2. júlí**.
- Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri, eða staðgengill, **3. júlí**.

Hægt er að panta viðtalstíma á netföngum viðkomandi starfsmanna eða á netfanginu [skrifstofa@thingeyjarsveit.is](mailto:skrifstofa@thingeyjarsveit.is).



# FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ ÞINGEYJARSVEITAR 17. JÚNÍ



Glæsileg fjallkona  
Þingeyjarsveitar 2024  
Arney Dagmar Sigurbjörnsdóttir



Nú þegar kjörtímabilið er hálfnað er gaman að líta um öxl og sjá hvað hefur áunnist. Með samstilltu átaki sveitarstjórnar og hins öflugra hóps starfsmanna sveitarfélagsins hefur svo sannarlega margt gerst. Hér má sjá yfirlit yfir þau verkefni sem ýmist er lokið eða eru í vinnslu innan stjórnsýslunnar, listinn er ekki tæmandi.

## STJÓRNSÝSLA

- Bætt var við stöðum þriggja sviðsstjóra með sérhæfingu hver á sínu sviði.
- Fjöldi stöðugilda á skrifstofum sveitarfélaganna fyrir sameiningu voru 11,95 en eru núna 10,5.
- Meirihluti reglna og stefna sem sveitarfélögum ber að setja sér, hafa verið endurnýjaðar.
- Nú er unnið að heildarstefnumörkun fyrir Þingeyjarsveit með viðtæku samráði við íbúa og hagaðila.
- Hugað hefur verið að aðgengi þeirra sem ekki eiga þess kost að nýta sér stafræna þjónustu með ýmsu móti en betur má ef duga skal.
- Með nýrri skjalastefnu og verklagi er sveitarfélagið í stakk búið til að varðveita og meðhöndla skjöl eins og lög og reglur segja til um. Í undirbúningi eru rafræn skjalaskil til héraðsskjalasafnsins og verður Þingeyjarsveit þá fyrsta sveitarfélagið á starfssvæði héraðsskjalasafnsins til að taka upp rafræn skil.
- Sveitarfélagið gerði samning við mannauðsráðgjafa á vormánuðum 2023 sem hefur komið að gerð mannauðsstefnu, jafnlaunastefnu, samræmingu kjara fyrir sambærileg störf, gerð nýrra starfslýsinga o.m.fl.
- Jafnlaunavottun er í vinnslu og verður staðfest í júlí. Í launagreiningu kom fram að sveitarfélagið er vel innan þeirra marka sem sett voru í jafnlaunastefnu.
- Nýtt stjórnsýsluhús sameinaðs sveitarfélags verður tekið í notkun í september og þá verður öll stjórnsýslan komin undir eitt þak. Framkvæmdakostnaður er greiddur af sameiningarframlögum frá Jöfnunarsjóði.
- Verið er að undirbúa sölu á eignarhlut sveitarfélagsins í Kjarna og eru í gangi viðræður við Sparisjóð Suður-Þingeyinga um kaup á eignarhlutanum.
- Unnið er að slitum á Héraðsnefnd Þingeyinga bs. skv. samkomulagi sveitarfélaganna sem standa að HNP.

## FJÁRMÁL

- Höfum sýnt varfærni í fjármálum m.a. með niðurgreiðslu skulda og aðhalds í framkvæmdum vegna vaxtastigs og verðbólgu og eins til að styrkja fjárhagslegar stöðir sveitarfélagsins.
- Höfum sýnt fyrirhyggju með því að endurskoða sem flesta þætti í rekstri til þess að ná fram hagræðingu án þess þó að skerða þjónustu.
- Rekstur fyrsta heila ársins eftir sameiningu var jákvæður, engin ný lán voru tekin og eldri lán greidd niður.
- Samtal við Jöfnunarsjóð um þá málaflokka sem fengu skerðingu við sameininguna s.s. skólaakstur og höfum við fengið leiðréttingu vegna hans en samtalið heldur áfram um fleiri þætti. Einnig hefur Jöfnunarsjóður samþykkt að skoða stöðu sveitarfélagsins í heild innan sjóðsins í ljósi sérstöðu þess sem dreifbýlt, víðfeðmt sveitarfélag með dreifða þjónustu og mikla orkuframléiðslu.
- Samið hefur verið við Motus um innheimtu fyrir sveitarfélagið.
- Eftirfylgni er með fjárhagsáætlun sveitarfélagsins m.a. með reglubundnum fundum með forstöðumönnum og byggðarráði.

## ÍBÚALÝÐRÆÐI

- Streymt hefur frá sveitarstjórnarfundum frá upphafi.
- Mánaðarlegir opnir viðtalsfundir með sveitarstjórnarfulltrúum til skiptist í Ýdölum, Stórutjarnaskóla og Mývatnssveit.
- Viðtækt samráð við íbúa um stefnu hins nýja sveitarfélags.
- Íbúafundir við gerð nýrrar skólastefnu.
- Kynningarfundur á Teams um fjárhagsáætlun 2024.
- Kynningarfundir á vinnslutillögu aðalskipulags.
- Ný heimasiða er tilbúin til birtingar, unnið er að því að flytja efni af eldri síðu áður en sú nýja verður opnuð. Nýja síðan er m.a. með:

- Íbúagátt.
- Birtingu gagna með fundargerðum.
- Möguleika á að vakta tiltekin málnúmer.
- Ábendingasvæði fyrir íbúa.



## SKÓLAMÁL

- Ný skólastefna hefur verið staðfest af sveitarstjórn.
- Sífellt er unnið að auknu samstarfi á milli skóla og það verður styrkt áfram.
- Nemendum í 10. bekk í Mývatnssveit er ekið í Þingeyjarskóla.
- Búið er að segja upp samningi við Norðurþing um skólaþjónustu í Reykjahlíðarskóla.
- Skólaþjónustan sinnir öllum skólunum í sveitarfélaginu og verður þróuð áfram.
- Samstarf milli skólanna m.a. varðandi endurmenntun starfsfólks.
- Samræmt skóladagatal er fyrir leik-, grunn-, og framhaldsskóla í sveitarfélaginu.
- Náið samstarf stjórnenda skólanna sem haldið er utan um af sviðsstjóra fjölskyldusviðs.
- Útboði á skólaakstri til ársins 2027 er lokið.
- Hönnunartillögur að varanlegu húsnæði fyrir leikskólann Tjarnaskjól hafa verið lagðar fyrir byggðarráð og verða tillögurnar kynntar stjórnendum Stórutjarnaskóla í vikunni. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á árinu.
- Nýjar samræmdar heimasíður fyrir skólana voru teknar í gagnið sl. vetur.
- Félagsmiðstöðvar eru starfræktar við alla grunnskóla sem verkefnastjóri á fjölskyldusviði hefur umsjón með.
- Samstarf við SSNE um að halda ungmennanæping í sveitarfélaginu í haust.

## VELFERÐARMÁL

- Sviðsstjóri fjölskyldu- og velferðarsviðs er tengiliður milli íbúa og félagsþjónustunnar á Húsavík og hefur umsjón með heimaþjónustu.
- Reglulegir samráðsfundir með starfsfólki heimaþjónustu.
- Reglulegt samtal við félagsþjónustuna á Húsavík um málefni íbúa Þingeyjarsveitar.
- Gerður hefur verið samningur við Landlæknisembættið um Heilsueflandi samfélag.
- Sveitarfélagið fékk styrk úr forvarnasjóði í verkefnið „Fræðsla fyrir íbúa um áföll og úrvinnslu þeirra“ sem fer af stað á haustdögum.
- Verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála komin til starfa. Helstu verkefni eru: Heilsueflandi samfélags, félagsstarf ungmenna, fjölmennung, menningarmál, verkefnastjóri er tengiliður við félagasamtök í framantöldum málaflokkum.
- Í undirbúningi er þróunarverkefni um samþætta heilbrigðis- og félagsþjónustu í sveitarfélaginu sem unnið verður í samstarfi við HSN. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir félagsmálaráðuneytinu og fékk það jákvæðar undirtekir. Nú er unnið að nánari útfærslu þess og leitað verður eftir stuðningi við verkefnið í félags- og heilbrigðisráðuneytinum.
- Flutningur á læknisþjónustu HSN í Kjarna frá og með haustinu.
- Verið er að skoða að koma upp fjölbættri heilsueflandi þjónustu í Kjarna þegar sveitarfélagið hefur flutt skrifstofur sínar.
- Loksins er farið að sjá fyrir endann á bið eftir 60 rýma hjúkrunarheimili á Húsavík. Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing (vonandi samningur í vikunni) við ríkisvaldið um að farin verði sú leið sem heilbrigðisráðuneytið mælir með þ.e. leiguleiðin þar sem kostnaður við bygginguna mun greiðast af byggingaraðila/húseiganda og fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins verði komið á leigusamningi við húseiganda.
- Þingeyjarsveit ásamt Norðurþingi og Tjörneshreppi eiga fasteignir Dvalarheimilisins Hvamms og samráð er hafið þar á milli um framtíðarnýtingu fasteignanna í kjölfar breytinga sem verða við byggingu nýs hjúkrunarheimilis.
- Félagsmiðstöðvar og frístund eru starfræktar í skólunum.
- Verkefnastjóri í fjölmennungu býður upp á reglulega viðtalstíma fyrir íbúa sveitarfélagsins og miðar upplýsingum til íbúa af erlendum uppruna.

## HÚSNÆÐIS- OG SKIPULAGSMÁL

### Húsnæðismál

- Fjórar nýjar íbúðir byggðar á Laugum í samstarfi við Leigufélagið Bríeti og Leiguíbúðir Þingeyjarsveitar.
- Þrjár nýjar íbúðir byggðar í Reykjahlíð, þar af tvær í eigu Þingeyjarsveitar.
- Fyrirliggjandi eru drög að rammasamningi við innviðaráðuneyti og HMS um byggingu 25 íbúða í sveitarfélaginu á næstu, fimm árum.
- Flutningur á Leiguíbúðum Þingeyjarsveitar hses. inn í Brák hses. með það að markmiði að fjölga almennum íbúðum í sveitarfélaginu sbr. áður nefndan rammasamning.
- Unnið er að samkomulagi við Leigufélagið Bríeti um áframhaldandi íbúðauppbyggingu í sveitarfélaginu og yfirtöku íbúða í eigu sveitarfélagsins.
- Hafið er samtal við ríkið um kaup á landi á Laugum fyrir áframhaldandi uppbyggingu.
- Opnað hefur verið á samtal við Landeigendafélag Reykjahlíðar um leigulóðir fyrir áframhaldandi uppbyggingu.

### Skipulagsmál

- Endurskoðun aðalskipulags stendur yfir.
- Vinnu við úrvinnslu umsagna um vinnslutillögu verður lokið á haustmánuðum.
- Í nýju aðalskipulagi verður gert ráð fyrir auknu svigrúmi til íbúðabygginga á lögbýlum og nægu framboði af íbúða- og athafnalóðum.



- Íbúafundur verða haldnir áður en endanlegt aðalskipulag verður auglýst.
- Vinna við umferðaröryggisáætlun hefst í haust.
- Í undirbúningi er gerð deiliskipulags á Laugum.

**Ýmsar framkvæmdir:** Endurbætur á leikskólanum Yl m.a. bætt hljóðvist. Ærslabelgur settur upp á Laugum, skrifstofuaðstaða byggð upp í Gíg í samstarfi við stofnanir og ráðuneyti, uppbygging áhaldahúss í Reykjahlíð eftir bruna, vinnu við göngu- og hjólastíg í Mývatnssveit haldið áfram, göngustígur milli Dalakofans og Lautavegar. Endurnýjun á hitaveitulögnum í Mývatnssveit, útbúið geymslusvæði fyrir áhaldahús í útihúsum á Kálfaströnd, endurbætur á slökkvistöð á Laugum, þakviðgerðir Stórutjarnaskóla, endurnýjun á íbúð í Pingeyjarskóla, varanlegt húsnæði fyrir leikskólann Tjarnaskjól, nýtt stjórnsýsluhús svo eitthvað sé nefnt.

## ATVINNUMÁL & NÝSKÖPUN

- Í nýju aðalskipulagi verður gert ráð fyrir fjölbreyttum lóðum til atvinnurekstrar í framhaldi af ábendingum í kjölfar vinnslutillögu.
- Samningur hefur verið gerður við Mývatnsstofu um kynningarmál fyrir Pingeyjarsveit.
- Samráð hefur verið haft við ýmsa aðila með það að markmiði að laða til okkar minni fyrirtæki sem hafa þörf fyrir einhverjar af þeim auðlindum sem sveitarfélagið býr yfir s.s. jarðvarma.
- Í skoðun eru ýmsir möguleikar varðandi betri nýtingu á húsnæði í eigu sveitarfélagsins.
- Fundað hefur verið með Byggðastofnun um möguleika Pingeyjarsveitar um þátttöku í verkefninu Brothættar byggðir fyrir viðkvæmstu svæðin í sveitarfélaginu, tekið var vel í þá umleitan en umræða á eftir að fara fram í sveitarstjórn.
- Í haust verður haldinn pop-up viðburður í Ýdölum þar sem sigurvegarar úr matreiðslukeppni Arctic Challenge 2024 munu koma saman og matreiða úr hráefni úr héraði og samhliða verður unnið kynningarefni á vegum SSNE um viðburðinn og matvælaframléiðslu á svæðinu.
- Samstarf við SSNE um ráðningu starfsmanns sem hefur aðsetur í Gíg sem m.a. vinnur að málum tengdum atvinnuþróun og nýsköpun sem og umhverfis- og loftslagsmálum.
- Samstarf við KMT og Eim um möguleg framtíðarverkefni í Pingeyjarsveit.
- Byggðarráð hefur lagt til við sveitarstjórn að taka þátt í uppbyggingu á Kornsamlagi Pingeyinga.
- Reglulegt samstarf er við SSNE sem er leiðandi í atvinnu- og nýsköpun á svæðinu og er sveitarfélagið þátttakandi í verkefnum á vegum þess.
- Pingeyjarsveit er meðal þátttakenda í verkefninu „Útrýming malarvega á Norðurlandi- eystra“ á vettvangi SSNE.
- Sveitarfélagið er þátttakandi í verkefninu „Auknar fjárfestingar á Norðurlandi eystra“ sem leitt er af SSNE.
- Fjölmargir fundir hafa verið haldnir með Vegagerðinni og innviðaráðuneyti þ.m.t. innviðaráðherra þar sem áhersla hefur verið lögð á bættar samgöngu í sveitarfélaginu s.s. uppbyggingu Bárðardalsveggar vestari og brýnnar yfir Skjálfandafliót, viðhald malarvega og vetrarþjónustu.

## UMHVERFIS- OG ÚRGANGSMÁL

### Umhverfismál

- Verið er að innleiða Grænu skrefin og hefur skrifstofa og áhaldahús fengið fyrsta skrefið samþykkt.
- Lokið var við nýja salernisaðstöðu fyrir ferðamenn í Höfða.
- Endurskoðun á verkferlum og samningum um vargeyðingu er í vinnslu.
- Einnig er í gangi samtal við ráðuneyti umhverfismála og Umhverfisstofnun um aukið fjárframlag til refa- og minkaveiða í ljósi stærðar sveitarfélagsins og verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.
- Úttekt stendur yfir á allri veitustarfsemi sveitarfélagsins og lýkur á næstu vikum. Í framhaldinu verður gerð aðgerðaáætlun varðandi endurnýjanir og viðhaldsframkvæmdir.
- Staðfest hefur verið af hálfu Umhverfisstofnunar að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá hefst í haust. Sveitarfélagið mun m.a. leggja áherslu á að koma þar inn ákvæði um að Umhverfisstofnun komi að minkaveiðum á verndarsvæðinu.
- Friðlýsing hverasvæðis á Þeistareykjum er í vinnslu.
- Vinna við loftslagsstefnu er hafin.
- Hafin er vinna við loftslagsbókhald sveitarfélagsins.
- Gerð umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið er lokið sem og aðgerðaáætlun til að fylgja henni.
- Sveitarfélagið fékk styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða um deiliskipulagsgerð við Aldeyjarfoss og Hrafnabjargarfoss.

### Úrgangsmál

- Ný sorpsamþykkt hefur verið staðfest.
- Nú er að ljúka tilraunaverkefni sem unnið er í samstarfi við íbúa um moltugerð inn á heimilum með moltugerðavélum frá sveitarfélaginu í framhaldinu verður tekin ákvörðun um meðhöndlun lífræns úrgangs.
- Í undirbúningi er útbóð á sorphirðu í sveitarfélaginu.
- Rotþröarhrensun var boðin út og gerður samningur við Verkval í framhaldinu.
- Hafinn er undirbúningur að merkingum í sveitarfélaginu.



## NÝTT MEIRIHLUTASAMSTARF Í SVEITARSTJÓRN

Fulltrúar K-lista í sveitarstjórn og Gerður Sigtryggisdóttir oddviti og Knútur Emil Jónasson varaoddviti á E-lista undirrituðu á sveitarstjórnarfundi þann 27. júní samning um meirihlutasamstarf í sveitarstjórn. Samningurinn byggir á málefnasamningi sem sveitarstjórn samþykkti í október síðastliðnum. Samkomulagið er svohljóðandi;




Gerður og Jóna Björg við undirritun samningsins.

„Fulltrúar K-lista í sveitarstjórn, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Ragnhildur Hólm Sigurðardóttir, Árni Pétur Hilmarsson og Arnór Benónýsson, og sveitarstjórnarfulltrúar E- lista, Gerður Sigtryggisdóttir og Knútur Emil Jónasson gera með sér samstarfsamning um formlegt meirihlutasamstarf í sveitarstjórn sem byggir á málefnasamningi þeirra sem staðfestur var í sveitarstjórn þann 26. október sl.

Nýr meirihluti leggur áherslu á að vinna sveitarfélaginu í heild sinni til heilla og halda áfram þeirri vegferð að byggja upp gott samfélag. Ítarlegri samstarfssamningur og stefnuskrá verður kynnt á fyrsta fundi sveitarstjórnar eftir sumarfrí. "

## KORT AF ÞINGEYJARSVEIT

Mývatnsstofa vinnur nú að korti af Þingeyjarsveit. Vonast er til að sem flestir vilji vera með á kortinu, gististaðir, matsölustaðir, verslanir, söfn og allt sem ferðamenn og gestir ættu að vita af. Vonast er til að kortið verði tilbúið á haustmánuðum. Aðildarfélagar Mývatnsstofu fara sjálfkrafa inn á kortið. Aðrir áhugasamir um að vera með á kortinu eru vinsamlegast beðnir að hafa samand við [info@visitmyvatn.is](mailto:info@visitmyvatn.is).



## VEIST ÞÚ UM VERKEFNI FYRIR ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN?

Nú stendur yfir vinna við uppfærslu áfangastaðaáætlunar Norðurlands. Óskað hefur verið eftir því að sveitarfélagið sendi tillögu að fimm verkefnum sem fara í forgang á áfangastaðaáætlun. Verkefni á þessum forgangslista eru líklegri en önnur að fá styrki t.d. úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Sveitarfélagið óskar eftir tillögum að verkefnum sem gætu átt heima á slíkum lista. Þetta geta verið verkefni allt frá skipulagsgerð svæða yfir í framkvæmdir á skipulögðum svæðum.

Þeir sem hafa tillögur að verkefnum eru hvattir til að [senda inn skráningu HÉR](#) fyrir 1. ágúst nk. Í kjölfarið gerir Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tillögu til sveitarstjórnar um forgangsverkefni inn í áfangastaðaáætlun.

## HEJA NORGE

Sveitarstjóra ásamt sveitarstjórnarfulltrúum er boðið til Suður-Frónar í Noregi í sumar. Sveitarfélagið Suður-Frón og Skútustaðahreppur áttu í vinabæjarsamstarfi og hefur verið óskað eftir að því að samstarfið haldi áfram og að Þingeyjarsveit og Suður-Frón geri með sér vinabæjarsamkomulag. Margt er svipað með sveitarfélögunum sem bæði eru dreifbýl sveitarfélög. Ragnheiður Jóna sveitarstjóri ásamt Jónu Björgu og Knút Emil sveitarstjórnarfulltrúum halda því til Suður-Frónar innan skamms til að skoða sveitarfélagið og ræða möguleika á frekara samstarfi.





## MENNINGARVERÐLAUN ÞINGEYJARSVEITAR

Menningarverðlaun Þingeyjarsveitar 2024 voru afhent á fjölskylduhátíð Þingeyjarsveitar í tilefni af 80 ára afmæli lýðveldisins þann 17. júní á Laugum.

Þau er veitt árlega þeim einstaklingum, hópi eða félagasamtökum, sem þykir standa sig afburðavel í að efla menningarstarf í sveitarfélaginu. Auglýst var eftir tilnefningum til verðlaunanna og bárust ellefu tilnefningar í ár.



Marika og Ragnheiður Jóna

### **Marika Alavere er handhafi menningarverðlauna Þingeyjarsveitar árið 2024.**

*Í tilnefningu Mariku segir meðal annars; „Marika er ein margra tónlistarkennara af erlendum uppruna sem starfað hafa í samfélagi okkar í gegnum tíðina. Sum hafa stoppað stutt, en önnur í lengst eins og hún og skotið hér rótum. Marika hefur árum saman lagt sitt af mörkum til tónlistarkennslu, tónlistarflutnings og aðstoð við kórstjórn. Þannig hefur hún lagt inn mikilvæga vaxtarsprotu meðal ungmenna og átt sinn þátt í menningarlífi sveitarfélagsins og víðar.*

*Tilnefning Mariku er sett fram sem þakklætisvottur til hennar, sem fulltrúa þeirra erlendu tónlistarkennara, er lagt hafa mikið af mörkum til þingeyks tónlistarlífs og eiga svo ríkulegan þátt í því blómlega tónlistar- og menningarlífi, sem glatt hefur bæði lund og geð íbúa samfélags okkar í gegnum tíðina.“*

Ragnheiður Jóna sveitarstjóri afhenti Mariku verðlaunin í sól og blíðu á Íþróttavellinum á Laugum.

„Við Þingeyingar höfum löngum haft á að skipa frábæru tónlistarfólki og á seinni árum hefur menntuðu tónlistarfólki í samfélaginu fjölgað jafnt og þétt, innlendu sem erlendu. Það er mikil gæfa fyrir hvert samfélag að hafa á að skipa öflugum tónlistarfólki.

Marika útskrifaðist árið 1994, sem fiðlukennari og fiðluleikari í hljómsveit frá Heino Eller Music School of Tartu, framhaldsskóla sem sérhæfði sig tónlist. Hún gekk síðan í háskóla Estonian Music Academy í fjögur ár, eða þangað til hún flutti til Íslands, ásamt eiginmanni sínum Jaan og litlum laumufarþega sem leit dagsins ljós nokkrum mánuðum síðar. Upphafleg áætlun þeirra hjóna var að að svara ævintýraþrá sinni með því að kenna hér norður undir heimskautsbaug í tvö ár.

Þau Marika og Jaan störfuðu sem tónlistarkennarar í Stórutjarnaskóla, en frá haustinu 2010 hefur Marika verið deildarstjóri tónlistardeildarinnar. Þau hjónin voru bæði virkir þátttakendur í tónlistar- og menningarlífi Norðlendinga, en Jaan lést sem kunnugt er langt fyrir aldur fram árið 2020. Marika hefur verið meðlimur Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands frá því hún flutti hingað og lék á fyrstu tónleikum með hljómsveitinni rúmum tveimur vikum eftir komuna til landsins.

“Kæra Marika. Tilnefning þín er verðskulduð og sett fram sem þakklætisvottur frá íbúum samfélagsins. Árin tvö sem þú ætlaðir að vera á Íslandi eru orðin 25 og á þeim tíma hefur þú lagt mikið af mörkum til samfélagsins í okkar þágu. Þú ert verðugur fulltrúi þessa erlendu tónlistarkennara, sem flutt hafa til landsins og kynnt okkur framandi stefnur og strauma frá heimkynnum sínum. Sporin sem þið skiljið eftir ykkur í þingeysku menningarlífi eru djúp og víst er að áhrifa ykkar mun áfram gæta um ókomna tíð. Hafðu þökk fyrir allt.“ sagði Ragnheiður Jóna við tilefnið.

## HVERASVÆÐI PEISTAREYKJUM - FRIDUN

Sveitarstjórn hefur lagt áherslu á að friðun landsvæða falli að skynsamlegri nýtingu á landgæðum. Peistareykir hafa mikla sérstöðu þegar kemur að landgæðum ekki síst með tilliti til jarðhita og háhitasvæðis. Úr fjarlægð eru hverasvæðin norðan í Bæjarfjalli greinilegust. Fallegir og myndrænir leirhverir eru í Peistareykjatúni. Einnig eru jarðhitaútfellingar í hlíðum Ketilfjalls. Í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er kveðið á um sérstaka vernd tiltekinn vistkerfa, jarðminja o.fl. Undir hana flokkast m.a. eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar.

Einnig hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum. Með tilkomu Peistareykjavirkjunar hefur aðgengi að Peistareykjasvæðinu batnað verulega m.a. með malbikuðum vegi. Umferð ferðamanna hefur aukist mikið um svæðið og liggja náttúruminjar undir skemmdum. Því telur sveitarstjórn mikilvægt að friðlýsa hverasvæðið sem og bæta aðgengi og öryggismál. Sveitarstjórn samþykkti því á sveitarstjórnarfundum 27. júní að óska formlega eftir því við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið að hverasvæðið á Peistareykjum verði friðlýst.



Peistareykir. Mynd: KIP

## HEIMSÓKN FRÁ SAMBANDINU

Stjórn og stjórnendur Sambands íslenskra sveitarfélaga heimsóttu Þingeyjarsveit og funduðu með sveitarstjóra og oddvita. Heimsóknin var afar góð þar sem farið var yfir tækifæri og áskoranir hjá nýsameinuðu sveitarfélagi. Gestirnir fengu líka skoðunarferð um nýtt stjórnsýsluhús á Laugum.



Hópurinn í blíðu við Breiðumýri

## GRÆNU SKREFIN

Á dögnum fengu skrifstofa og áhaldahús Þingeyjarsveitar viðurkenningu fyrir að klára fyrsta skrefið af fimm í verkefninu Grænu skrefin. Grænu skrefin miða að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnanna og efla umhverfismeðvitund starfsmanna. Gera þarf og klára verkefni sem koma í sérstökum gátlista til að ljúka hverju skrefi. Markmiðið er að klára fjögur skref og komast á það fimmta (sem er eilífðarskref) til þess að fara í gegnum umhverfissvottun skv. ISO14001. SSNE heldur utan um verkefnið á Norðausturlandi og fylgist með að þátttakendur séu að fylgja eftir þeim verkefnum sem nauðsynlegt er að klára fyrir hvert skref.

„Með samhentum átaki allra starfsmanna þessara tveggja stofnana var þetta mögulegt. Segja má að hver einasti starfsmaður hafi lagt sitt af mörkum til að ná þessum árangri, sem tókst á met tíma. Nú færum við okkur uppá næsta skref og tökumst á við verkefnið þar með jákvæðni að leiðarljósi eins og gert var með fyrsta skrefið“ segir Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.



Ingimar og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, verkefnastjóri hjá SSNE.



## MYRRA Á ÍRLANDI

Í lok maí sótti Myrra Leifsdóttir, verkefnastjóri æskulýðs, tómstunda og menningarmála þriggja daga námskeiðið Connecting Rural Youth Work - International Youth Work Practices for Rural Youth Organisations í Waterford á Írlandi. Námskeiðið var ætlað til að efla æskulýðsstarf í dreifbýli í alþjóðlegu samstarfi og sjálfbóðaliðastarfi. Þar fræddust þátttakendur um starfsemi Erasmus+ og European Solidarity Corps (ESC) og þau tækifæri sem þar eru í boði fyrir ungmenni. Þátttakendur skoðuðu bestu starfsvenjur í æskulýðsstarfi í dreifbýli, heimsóttu ungmennahúsið Youth Waterford og ræddu einstakar áskoranir sem þessi samfélög standa frammi fyrir, ásamt mögulegum lausnum í gegnum alþjóðleg verkefni og samstarf.

Myrra nýtti tækifærið til að mynda tengsl við svipuð samtök frá Evrópu, sem opna dyr fyrir framtíðar samstarf og ungmennaskipti. Námskeiðið skipulagði Léargas í samvinnu við SALTO Inclusion & Diversity og styrkti Erasmus+ á Íslandi ferðina. Allt var þetta mjög fræðandi og hvetjandi reynsla og hlakkar Myrra til vinna áfram með ungmennum í Þingeyjarsveit í evrópskum samstarfsverkefnum.



Myrra Leifsdóttir

## FRÆÐSLA Í VINNUSKÓLANUM

Sögulegur fjöldi er í vinnuskólanum. 16 ungmenni eru þar við störf þar af 10 á Laugum. Vinnuskólinn er í samvinnu við ýmis fyrirtæki í sveitarfélaginu s.s. Vogafjós, Kiðagil, Svartárvot og Leikskólan Yl. Vinnuskólinn er í fullum gangi og standa þingeysk ungmenni sig þar með þryði. Meðal annars voru þau ómetanleg í undirbúningi að 17. júní hátíðinni ásamt því að aðstoða á hátíðinni sjálfri. Fræðslan í vinnuskólanum fer vel af stað og heimsótti STEM Húsavík vinnuskólann í júní. STEM er alþjóðleg skammstöfun og stendur fyrir fræðagreinum á sviði verkfræði, stærðfræði, raunvísinda og náttúruvísinda. Menntun í STEM-greinum opnar fólki dyr að gríðarlega fjölbreyttum og spennandi störfum á öllum sviðum samfélagsins þar sem hugvitið er nýtt til að bæta líf okkar.

Þær Bridget og Huld frá STEM Húsavík höfðu í fórum sínum sýndarveruleikagleraugu ásamt vísindaverkefni sem nemendur leystu með aðstoð gleraugnanna. Voru nemendur mjög skapandi þegar kom að því að mynda vísindalegar tilgátur og var meðal annars rætt um hvort sé að finna hafmeyjur á Norðurslóðum, hvort Atlantis sé til og hve margar dýrategundir sé að finna á hafsbotni.

Ungmennin hafa líka fengið grunnfræðslu í skyndihjálp frá Rauða krossinum í Þingeyjarsýslu. Unnsteinn hjá RK Þing sýndi helstu handtök við endurlífgun og hvernig bregast skal við í neyðartilvikum. Þingeyjarsveit þakkar Rauða krossinum fyrir að veita þessa ómetanlegu fræðslu.



## HVER ER INGIMAR INGIMARSSON ?

Ingimar er sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs



*Hvaða teiknimyndapersónu samsvarar þú þig mest við og hvers vegna?*

*Ég hef alltaf viljað líkja mér við hæðnar teiknimyndapersónur þannig að Kalli kanína var alltaf eitthvað sem ég gat samsvarað mig við og t.d. Stewie úr Family Guy í seinni tíð.*

Ég er einhleypur og á þrjú börn, soninn Skarphéðin Gauta og tvær stelpur þær Ingibjörgu Kristínu og Melkorku Eldeyju. Ég er fæddur og uppalinn Hafnirfirdingur þar sem ég bjó fyrstu 36 árin. Ég lærði skrudgarðyrkjufræði og vann við garðyrkju í 12 ár. Þá lærði ég stjórnun og rekstur í ferðaþjónustu á Bifröst ásamt opinberri stjórnsýslu. Ég bjó um tíma á Reykhólum á Vestfjörðum og kenndi tónlist, var organisti, oddviti sveitarfélagsins og sveitarstjórnarmaður. Nú síðast bjó ég á Akranesi og var umhverfis- og garðyrkjustjóri Seltjarnarnesbæjar.

Minn vinnudagur byrjar á því kl 08:00 að deila við Gísla um málefni líðandi stundar yfir morgunbollanum. Eftir morgunbollann fer ég yfir dagskrá dagsins sem yfirleitt er með 3-4 fundi. Á milli funda reyni ég að svara þeim tölvupóstum sem ég hef fengið ásamt því að afgreiða þau mál sem eru brýn en seinnipartinn tek ég þau mál sem taka lengri tíma og krefjast meiri vinnu. Verkefnin eru mjög fjölbreytt þar sem veiturnar, framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins ásamt umhverfis-, byggingar- og skipulasmálum falla undir sviðið þá er enginn dagur eins, sem er frábært.“

*Hvernig lítur Þingeyjarsveit út fyrir þér sem nýbúa hér?*

„Þingeyjarsveit lítur mjög vel út fyrir mér. Ég var soldið skeptískur fyrst, þar sem ég hef aldrei búið á Norðurlandi og hef enga tengingu eða ættingja í samfélaginu. En mér hefur verið tekið frábærlega af vinnufélögum og öðrum í samfélaginu. Mér hefur verið boðið í skáklfélagið, á kóræfingu og í badmindtonfélagið, sem ég hef reyndar aldrei þorað að mæta hjá.“

## HVER ER ÁSTA FÖNN FLOSADÓTTIR?

Ásta er sviðsstjóri fjölskyldusviðs



Ásta og Keli

„Ég er fædd á Akureyri í janúar 1975, afar snjópungur vetur og foreldrunum fannst nafngiftin því viðeigandi. Síðan þá, með afar stuttum hléum, hef ég átt heima á Höfða I í Grýtubakkahreppi, þar rekum við hjónin sauðfjárþú (tæplega 600 hausar á vetrarfóðrum). Við Þorkell Már Pálsson eigum saman þrjú börn en fyrir átti Keli einn dreng sem nú er bóndi suður í Borgarfirði og þar eigum við fjögur barnabörn. Ég var einn vetur í Laugaskóla, lauk stúdentsprófi frá MA, er búfræðingur og búfræðikandidat frá Hvanneyri, með kennsluréttindi frá HA og MPA í opinberri stjórnsýslu frá HÍ. Kenndi líffræði og stærðfræði í MA, var síðan skólastjóri á Grenivík í 13 ár og sat í sveitarstjórn í þrjú kjörtímabil.

Ég er sviðsstjóri fjölskyldusviðs og er með Myrru Leifsdóttur verkefnastjóra með mér. Ég hef marga hatta; gegni hlutverki fræðslustjóra, málefni sem snerta börn og barnafjölskyldur eru inni á mínu borði, skólar og leikskólar, málefni eldri borgara, heimaþjónusta, íþróttamiðstöðvar Þingeyjarsveitar, menningarmál og félagsstarf ungra og aldinna, svo eitthvað sé nefnt.“

*Eitthvað sem Þingeyjarsveit stendur sig sérstaklega vel í að þínu mati?*

„Það er margt vel gert í Þingeyjarsveit og það sem er sérstaklega skemmtilegt er sú gerjun sem á sér stað við sameiningu sveitarfélaganna. Þingeyjarsveit var fyrir löngu farin að bjóða upp á fríar skólamáltíðir og ánægjulegt að sjá önnur sveitarfélög feta í þau fótspor. Hér eiga börn vísa leikskólavist upp úr 12 mánaða aldri og í skólum og leikskólum er hátt hlutfall fagmenntaðra starfsmanna. Það eru miklir möguleikar í að efla lýðheilsu íbúa og ég skynja ríkan vilja til að vinna að þeim málum.“

*Hvernig myndirðu bregðast við ef þú myndir vakna sem fiskur einn daginn?*

*Það færi nú eitthvað eftir því hverslags fisk væri um að ræða.*

*Hornsíli eða hákarl, sild eða steinbitur? En ég myndi líklega bara gera eins og allar lífverur, sinna innra eðlinu; nærast, vaxa og æxlast af fremsta megni. Éta og vera étin. Lifið gengur allt út á það.*



# TÍNIR ÞÚ JURTIR?

SIGURVEGARAR ARCTIC  
CHALLENGE HALDA MATAR- OG  
DRYKKJARVEISLU Í YDÖLUM Í  
HAUST.

ÆTLUNIN ER AÐ NOTA BARA  
HRÁEFNI ÚR NÆRUMHVERFI OG  
VANTAR ÞVÍ HINAR ÝMSU JURTIR  
ÚR ÞINGEYJARSVEIT,

T.D. KERFIL, SKESSUJURT, HVÖNN  
OG BER

GETUR ÞÚ HJÁLPAÐ?

UPPLÝSINGAR HJÁ  
ATVINNUNEFND@THINGEYJARSVEIT.IS



## LOF MÁNAÐARINS

### ÁTTU HRÓS?

Öll þekjum við einhvern sem á  
skilið gott hrós, komdu þínu hrósi á  
framfæri á  
[thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)

★ „Mig langar að koma á framfæri hrósi til þeirra sem stóðu að hátíðarhöldunum á 17. júní. Þetta var einstaklega vel heppnuð hátíð í alla staði, á stað (íþróttavellinum á Laugum) sem hentar einstaklega vel til að halda svona hátíð. Að sjá sameiginlegan kór úr öllu sveitarfélaginu var hátíðlegt. Þarna er kjörinn vettvangur til að sameina íbúa sveitarfélagsins“ segir Kristján Guðmundsson.



# Í sumar verða skrifstofur Þingeyjarsveitar lokaðar í tvær vikur, frá 8.-22. júlí.



**FYLGDU  
ÞINGEYJARSVEIT Á  
INSTAGRAM OG  
FACEBOOK**



Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista  
Þingeyjarsveitar og fáðu sendar  
fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista  
sveitarfélagsins á [thingeyjarsveit.is](http://thingeyjarsveit.is)  
og fáðu allar fréttir sendar beint til  
þín!**

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 1. árg. 6. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingeyjarsveit, Kjarna á Laugum

Sími: 512 1800

Netfang: [thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)